



Guðmundur reynir að kasta pílunni. Mynd: Aðsend.



Risapílan í smíðum. Mynd: Aðsend.

Stærsta píla landsins á Hvolsvelli

Rangárþing eystra hefur Reignast nýja píludeild sem starfar undir hatti skotfélagsins Skyttanna. Aðstaðan þykir ein sú glæsilegasta á landinu og mun vafalítið verða lyftistöng fyrir píluþróttina á svæðinu. Við opnunina var jafnframt afhjúpuð þriggja metra löng píla sem mun hýðan í frá prýða loftið í salnum.

Aðdragandinn að stofnun deildarinnar hófst í lok síðasta árs þegar hugmyndin kviknaði fyrst hjá þeim Guðmundi Jónssyni, Andra Má Óskarssyni og Sigurði Orra Baldurssyni.

„Eftir að þessi hugmynd

kviknaði hjá okkur í lok desember er loksins komið að stóru stundinni,“ segir Guðmundur Jónsson, sem einnig er verslunarstjóri Krónunnar á Hvolsvelli. „Eftir endalaugar pælingar, hugmyndavinnu og smá svita hjá okkur Andra og Orra er þetta loksins að verða að veruleika - og við gætum ekki verið spenntari.“

Samvinna og stuðningur fyrirtækja lykilatriði

Uppbygging aðstöðunnar tókst með dyggum stuðningi fyrirtækja á svæðinu sem styrktu kaup á nauðsynlegum búnaði.

Guðmundur leggur mikla áherslu á þakklæti í þeirra garð: „Við erum ótrúlega þakklátir öllum þeim fyrirtækjum sem studdu við bakið á okkur og trúðu á verkefnið frá upphafi. Án þeirra hefði þetta einfaldlega ekki verið mögulegt og eiga þessi fyrirtæki hrós skilið fyrir frábæran stuðning.“

Sveitarfélagið hefur einnig lagt sitt af mörkum með því að leggja til húsnæði fyrir deildina. „Við höfum varið síðustu dögum við að standsetja dæmið og smíða það sem þarf til að gera topp-aðstöðu. Þetta er líklega ein flottasta aðstaða á landinu,“ bætir Guðmundur við.

Risapílan smíðuð í heimabyggð

Ekki nóg með glæsilega aðstöðu þá trónir stærsta píla landsins nú í loftinu í salnum. Pílan, sem er um þrír metrar á lengd, var smíðuð af hagleiksmönnum í nágrenninu eftir hugmynd frá strákunum.

„Þau sem þekkja mig vita kannski að ég fæ oft svolítið brenglaðar hugmyndir!“ segir Guðmundur. „Nýjasta hugmyndin var að láta útbúa RISA pílu fyrir aðstöðuna. Ég fékk

girðingarstaura í Fóðurlöndunni og Sveinbjörn hjá SS smíðaði oddinn fyrir okkur. Næst hafði ég samband við Simma, náganna minn, algjöran snilling á rennibekknum í Krappa. Hann renndi pílu sjálfa, og að lokum sá ég um málningu og skreytingar. Við erum rosalega sáttir með útkomuna!“

Keppni, samvera og öflugt félagsstarf

Píludeild Skyttanna hefur nú þegar verið samþykkt inn í Íslenska Pílusambandið (ÍPS). Markmið félagsins er að bjóða upp á vettvang fyrir bæði byrjendur og lengra komna, þar sem áherslan er á góða stemningu, félagsskap og skemmtilega keppni.

Opíð hús var haldið fyrir helgi þar sem landsliðsmaðurinn Haraldur Birgisson mætti og kenndi áhugasömum réttu handtökin. „Opna húsið var alveg meiri háttar og var frábær mæting,“ segir Guðmundur ánægður með viðtökurnar.

Æfingar eru nú komnar á fullt skrið og er hægt að fylgjast með starfinu á Facebook-síðu píludeildarinnar.

Samtals gefið 90 milljónir til góðgerðamála

Rangæingurinn Magnús Benediktsson, tók nýlega við viðurkenningu frá forsvarsmönnum Minningarsjóðs Bryndísar Klöru á Bessastöðum. Viðurkenningin var veitt fyrir ómetanlegt framlag hestamanna til Minningarsjóðs Bryndísar Klöru, en Magnús hefur um árabil verið í fararbroddi fyrir góðgerðasöfnun hestamanna.

Starfið nær aftur til ársins 2009 þegar fyrsta Stóðhestaveislan var haldin, en frá 2011 hefur verið safnað fyrir verðug málefni samhliða viðburðinum, með sérstaka áherslu á börn. Árangurinn er glæsilegur, en alls hafa safnast tæpar 90 milljónir króna. Lögð hefur verið áhersla á að árangurinn sé samvinnuverkefni margra, þar á meðal Eiðfaxes, Hrossaræktar og lykilaðila á borð við Snorra Kristjánsson, Guðbrand Stíg Ágústsson og Huldu G. Geirsdóttur, auk fjölmargra annarra sjálfboðaliða.



Magnús Benediktsson, Halla Tómasdóttir forseti Íslands og Rakel Ýr Björnsdóttir á Bessastöðum. Mynd: Aðsend.



Haraldur Birgisson, landsliðsmaður í pílu, leiðbeinir gestum við opnun aðstöðunnar. Mynd: Aðsend.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is

Landsþekktur einstaklingur leiðir nýjan stjórnmalaflokk í Sveitarfélaginu Árborg

Árborgaraflíð, nýr stjórnmalaflokkur í Sveitarfélaginu Árborg, mun halda opinn kynningarfund í dag. Fundurinn verður haldinn á Sviðinu í miðbæ Selfoss og hefst hann kl. 14.

Á fundinum verður framboðslisti flokksins kynntur opinberlega í fyrsta sinn ásamt stefnumálum hans. Í tilkynningunni frá flokknum kemur fram að oddviti listans sé landsþekktur einstaklingur, en nafn hans verður opinberað á fundinum.

„Framboðslistinn okkar er samansettur af fjölbreyttum



ÁRBORGARAFLÍÐ

FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

hópi einstaklinga sem hafa öll það sameiginlegt að vilja gera sveitarfélagið okkar að betri stað,“ segir Gústaf Lillien-dahl, kosningastjóri flokksins.

Á fundinum verður boðið uppá brauðterturt og eru íbúar hvattir til að mæta, kynna sér stefnu flokksins og hitta fram-bjóðendur.

TÆKNI og tæknifötun

Við má sjá þess merki að hratt stefni í að aldurs-samsetning þjóðarinnar verði rekstrarlega óhagkvæm ef hún er ekki orðin það nú þegar, með hliðsjón af óhagstæðum rekstrareiningum á hinum ýmsu sviðum öldrunar. Sjúkrahúsinn eru yfirfull af gamlingjum sem betur væru komnir á dvalarheimilum þar sem rekstrarkostnaður pr. einstakling er miklu mun lægri en á rándýrum sjúkrahúsum með vel menntuðu hálaunuðu starfsfólki a.m.k. í samanburði við þá sem á dvalarheimilunum starfa.

Gamlingjarnir við nánari skoðun orsaka ekki bara vanda í



heilbrigðiskerfinu, í tæknivæddu samfélagi eins og því sem við íslendingar búum við í dag eru þeir líklegir til að valda auknu álagi á þá sem starfa á stöðum þar sem tæknin er stór þáttur í daglegum störfum starfsfólksins og þar þarf einnig iðulega að eyða löngum vinnustundum í að aðstoða tæknifátlaða eldri viðskiptavini.

Tæknifötun er ekkert nýtt fyrirbæri fólk hefur alla tíð reynst miserfitt að tileinka sér nýja tækni, en þó hefur stökkið frá fortíð til nútíðar aldrei verið eins stórt og það er nú um stundir. Áður fyrr voru tæknibreytingar ásamt ýmsum öðrum breytingum í umhverfi og aðstæðum mannskepnunar yfirleitt til góða og léttu fólk lífið með t.d. nýju og betra byggingarefni húsnæðis, tækjum og tólum sem gera fólki dagleg störf heima og heiman léttara ásamt samgöngumannvirkjum og samgöngutækjum sem gera þægilgra og auðveldara að ferðast fyrir þá sem þurfa hratt og örugglega að komast milli staða.

Það er því margt gott og gagnlegt sem hin stafræna bylting hefur í för með sér t.d. á sviði heilbrigðis t.d. við lækningar á illvígum sjúkdómum. Það sem neikvæðara er það að í dag þarf fólk að velja sem dæmi hvaða greiðsluform það á að nota við dagleg innkaup til heimilsins og annara heimilisrekstrarþátta. Gjaldmiðill og greiðsluform hefur tekið mörgum og margvíslegum breytingum á ekki svo löngum tíma gamla góða krónan er þó enn sem komið er á sínum stað, en hart er að henni sótt og mun hún án efa heyra sögunni til í vösum og buddum almenningssáður en langt um liður.

Fyrir c.a. eitthundrað og fimmtíu árum fóru viðskipti manna á milli gjarnan fram með vöruskiptum: fiskur, kjöt, grænmeti, kartöflur, vefnaður og þrjón og að sjálfsögðu mjólkurvörur, jafnvel tóbak var notað í vöruskiptum manna á milli og þá var smjöríð einna eftirsóttast sem gjaldmiðil vegna geymsluþols. Þessar vörur voru jafnvel notaðar sem hluti launagreiðslna til vinnuhjúa á fardögum til sveita. Síðar komu peningar í hendur almúgans, þá ávísanir, þar á eftir greiðslukort og í dag er algengast að greiðslur fari fram með: greiðslukortum, í gegnum síma, armbandsúr eða það sem ég varð vitni að nýlega með fingrabaug. Þessar breytilegu greiðsluáðferðir reynast unga fólkinu að því er virðist auðveldar, en svo er ekki með alla því eldra fólk á iðulega í vandræðum með að tileinka sér sýbreytilegar nýjungar á flestum þeim sviðum sem allur almenningur þarf að kunna skil á til að bjarga sér með dags daglega.

Mér virðist sem að mörgu leyti nútíma stafrænt umhverfi sé flestum þeim sem eldri eru flókið í notkun og að sumu leyti jafnvel fjandsamlegt þeim sem ekki hafa náð á því tókum. Sá stafræni nú-

tímaveruleiki sem við búum við reynist mörgum af eldri kynslóð erfiður að höndla og þeir upplifa sig iðulega frammi fyrir ýmsum stafrænum nauðsynlegum aðgerðum sem þeir séu blátt áfram greindarskertir, auk þess sem erfiðara er fyrir eldri kynslóðina að tileinka sér sýbreytilega tækni, þegar aldurinn færir yfir og grunnþekkingu vantar. Þá er auðvelt að festast í neti stafræna miðla þar sem eldri borgarar verða gjarnan fórnarlömb tæknikunnugra svikahrappa t.d. við bankareikninga sem þeir þrjótast virðast eiga auðvelt með að brjótast inná og ræna ævisparnaði fólksins sem treystir bönkunum. Þjónustuaðilar þeirra kërfa sem notuð eru af ýmsum aðilum sem inná netinu eru bjóða stöðugt uppfærslur og aukna nýtingu fjölbreyttrar þjónustu sem þar má finna og á hliðarlínunni eru síðan netþjónustupjófarnir sem fylgjast grannt með öllu sem fram fer á þínu þjónustusvæði og virðast fljótir og færir um að að brjótast þar inn í vafasömum tilgangi.

Allt þetta getur valdið eldra fólki: kvíða, vanmáttarkennd og jafnvel þunglyndi sérstaklega hjá fólki þar sem minni er ekki lengur eins áreiðanlegt og áður var og vafasamt er að treysta á hvað varðar t.d. aðgangsorð sem verður í síauknum mæli að nota við hinar ýmsu aðgerðir í tölvum og sísum á svo mörgum sviðum hins stafræna umhverfis nútíðar. Ég ætla að taka undir orð læknisins sem nýlega skrifaði grein í Morgunblaði um stöðu eldri borgara í stafrænu umhverfi og fyrrisögnin á umfjöllun hans var „STAFRÆNT OFBELDI GEGN ELDRI BORGURUM“. Ég spyr því hvar ætlum við að draga mörkin milli hins mennska og hins vélræna eða verða engin mörk? Mun þetta umhverfi taka yfir í síauknum mæli þar til fólk treystir betur Gerfigreind en eigin dómgreind og kunnáttu? Gerfigreindin á sér vissulega jákvæðar hliðar og mun vafalaust eiga stóran þátt í framþróun læknávisinda, en hún mun líka eiga þátt í framleiðslu skelfilegra stríðstóla. Smá frásögn úr daglega lífinu í lokin. Mig vantaði upplýsingar um ákveðið lyf í apoteki og talaði þar við lyfjafraðing, hann gat ekki leyst málið fyrir mig en benti mér á að setja fyrirspurn til Gerfigreindarinnar.

Er þetta það sem koma skal að spurningar sem maðurinn getur (nennir) ekki að svara verður beint til hins alvitra apparats Gerfigreindarinnar og lítið á svarið sem algilt, óumdeilanleg og endanlegt? Hvenær hættum við að stjórna (nenna) Gerfigreindinni og hún fer að stjórna okkur? Endar þetta e.t.v. með því maðurinn verður að lokum nokkursskonar gæludýr í taumi tækninnar.

Ómar V. Franklínsson
Selfossi

AUGLÝSING UM NÝTINGU LANDS OG LANDSRÉTTINDA INNAN ÞJÓÐLENDU



Hrunamannahreppur auglýsir eftir aðila til að nýta lóðina Klakk innan Hrunamannafréttar.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Hrunamannafrétti) og leyfi Hrunamannahrepps þarf til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Þekking viðkomandi aðila á þessu svæði.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af starfsemi afréttarskála á miðhálendinu.
- Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti.
- Hvernig viðkomandi hyggst nýta lóð og eftir atvikum skála innan svæðanna og hvernig sú nýting samræmist skilmálum deiliskipulags áætlaða svæðanna.
- Sú kvöð er lögð á að fjallmenn hafi aðgang að skálunum við smölun á afréttinum.

Hrunamannahreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum sem berast fáist ekki viðunandi tilboð.

Upplýsingar um svæðið má nálgast hjá sveitarfélaginu Hrunamannahreppi á netfanginu hruni@fludir.is.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu lands eigi síðar en **12. apríl 2026** á netfangið hruni@fludir.is. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um það hvernig umsækjandi uppfyllir framangreidda skilmála og hugmyndir umsækjenda um leiguverð.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600. Netfang sveitarstjóra er aldís@fludir.is.

Hrunamannahreppur
845 Flúðum



HLÆJUM SAMAN

í Hellisskógi Selfossi

Lyfja verður 30 ára í ár. Af því tilefni bjóðum við þér á uppistand með Sögu Garðarsdóttur í **Hellisskógi laugardaginn 4. apríl kl. 15.**

Nærum andlega heilsu og hlæjum saman

Við hjá Lyfju viljum auka lífsgæði og bæta heilsu. Að hlæja og njóta útivistar í náttúrunni er talið bæta bæði andlega og líkamlega heilsu. Líttu inn á við og hugaðu að þinni andlegu heilsu.

Ekki missa af skemmtilegu uppistandi í boði Lyfju. Öll hjartanlega velkomin.



Skráðu þig
á viðburð hér



NÝR MATSEÐILL

Létt leið að góðum réttum!

Á nýjum matseðli N1 finnur þú spennandi nýjungar á borð við heiðursborgarann **Trufflutraffik** og pizzu ársins sem við köllum **Salsagrím** enda ættaður úr Borgarnesi. Síðan er þetta sígilda og góða auðvitað líka á sínum stað.

Kíktu við og nældu þér í bita!

N1 veitingar

Akranes, Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Húsavík, Hvalsvíllur, Sauðárkrúkur, Staðarskáli

**N1**

Lestur - frumkraftur

Það felst í því algjörlega lygilega snilld að búa til kerfi úr u.þ.b. 34 táknum, úr hverjum er hægt að setja saman þvilkán orðafjölda sem tákna hugsanir okkar og meiningar, sem við getum sett á skinn eða blað, geymt og bætt við, lesið og lært. Þegar prent-verkið tekur svo við þessum táknum og finnur upp aðferð til að dreifa orðum okkar og hugs-unum bæði hratt og víða þá hefur það í för með sér þvilkán sprengikraft að atómsprengjan skammast sín! Framfarirnar sem áttu sér stað eftir að lestur varð almenningseign, eru engu líkar!

Bókasöfn - valdefling

Það er gaman að skoða hvernig bókasöfnin verða til hér á nítj-ándu og tuttugustu öld. Hvað það er mikill hugsjónaeldur sem í

raun býr að baki. Hér á landi voru það bændur sem tóku sig saman vítt og breytt um landið og stofnuðu lestrarfélög og svo bókasöfn í framhaldi af þeim, þar sem þeir lögðu þær bækur sem til voru á hverjum bæ, í púkk og lánuðu hver öðrum og öllum sem vildu og gátu lesið. Það var þess tíma aðferð til að valdefla þjóðina þó svo það orð hafi ekki verið til þá.

Staðan - vandinn

Tölvurnar bjóða sannarlega uppá fjölbreyttari tjáningarform en penninn og auðvitað nýtum við okkur það. En í framhaldinu blasir við nýr veruleiki, við fáum hverja könnunina á fætur annarri um lélega lestrarkunnáttu barna og fíkn í skjánotkun sem er vandamál okkar allra en ekki bara barnanna. Að geta verið með vinina í tölvunni færir okkur

nær þeim sem eru langt í burtu en líka fjær þeim sem eru við hlið-ina á okkur. Við tölum við alla í skeytasendingum, eins stuttum setningum og við mögulega getum, notum táknmál til að flýta fyrir okkur og tölum æ sjaldnar hvert við annað í raunheiminum. Við blasir e.k. afturhvarf í hellar-istur þar sem við erum farin að notast við einfaldar myndir af brosandí köllum, reiðum köllum eða grín-aktugum kerlingum, ketlingum eða grænmeti og ávöxtum til að segja hvað okkur finnst og hvernig okkur líður. Og ég get lofað ykkur því að það ríkir engin eining um hvað þessi tákni þýða.

Einangrunin sem fylgir tölvu-notkuninni hefur komið aftan að okkur. Næsti heimsfaraldur er þegar hafinn og hann er kall-aður einmannaleiki. Svo alvar-

legt er þetta orðið að Bretar og nokkrar fleiri þjóðir eru þegar komnar með ráðuneyti í þess-um málaflokki. Það er verið að eyða gífurlegum tíma og peningum í að finna út og koma af stað allskyns ferlum til að reyna að laga stöðuna.



við aðra. Það er hægt að koma á safnið þó maður eigi ekki kort og ætli ekki að fá lánaðar bækur. Við kaupum dagblöðin og glans-blöðin sem er hægt að fletta hjá okkur, það er hægt að koma með þrjónana sína eða fá lánuð spil. Sumir koma með vinum sínum eða hitta þá á safninu aðrir koma til að vera einir og í friði fyrir áreitni heima fyrir, það er hægt að spjalla við aðra og líka bara vera í sínu.

Það á að vera gott að koma og gott að vera hjá okkur og nýta þjónustuna en ekki síst að njóta þess að vera í samfélagi við aðra.

Þannig tökumst við á við áskoranir samtímans, saman en ekki ein. Velkomin á Bókasafnið.

Heiðrún D. Eyvindardóttir, forstöðumaður Bókasafns Árborgar

Okkar Hveragerði kynnir lista sinn

Þann 28. mars sl. á 8 ára af-mæli bæjarmálaráðsins Okkar Hveragerði, var kynntur framboðslisti til bæjarstjórnar-kosninga 2026 og ný heimasíða sett í loftið okkarhveragerði. is. Það er gleðilegt að kynna með stolti fjölbreyttan lista með fjölda nýrra og öflugra ein-staklinga í bland við reyndari fulltrúa framboðsins. Efstu sæti listans eru eftirfarandi: Oddviti er Lárus Jónsson, 2. sætið skipar Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, 3. sætið Jónas Guðnason og 4. sætið Sandra Lind Brynjarsdóttir.

Bæjarmálaráðið Okkar Hveragerði fékk þrjá bæjarfull-trúa kjörna í síðustu kosningum og átti í árangursríku og upp-byggjandi meirihlutasamstarfi við fulltrúa Framsóknar í Hvera-gerði á kjörtímabilinu. Sandra Sigurðardóttir, fráfari forseti bæjarstjórnar, skipar heiðurssæti á listanum ásamt Nirði Sigurðs-syni, fráfari bæjarfulltrúa og einum af stofnendum Okkar Hveragerðis. Dagný Sif Sigur-björnsdóttir, núverandi bæjar-fulltrúi framboðsins, verður því sá bæjarfulltrúi sem fylgir bæj-armálaráðinu inn í næsta kjör-tímabil. Einnig var það tilkynnt að bæjarstjóraefni Okkar Hvera-gerðis í kosningunum í vor er Pétur G. Markan, núverandi bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Fréttatilkynning frá Okkar Hveragerði



Listi Okkar Hveragerðis til bæjarstjórnarkosninga árið 2026 er:

1. Lárus Jónsson, körfuboltaþjálfari, íþróttafraeðingur og MA í alþjóðasamskiptum
2. Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, lögmaður, innanhússráðgjafi, tónlistarkona og bæjarfulltrúi
3. Jónas Guðnason, jarðfraeðingur, eldfjallafræðingur og vatnamælingamaður
4. Sandra Lind Brynjarsdóttir, grunnskólakennari og deildarstjóri á stuðningsheimili fyrir börn
5. Ívar Dagur Sævarsson, tónlistarmaður og nemi
6. Brynja Hrafnkelsdóttir, skordýrafræðingur og teymisstjóri
7. Eyþór Atli Finnsson, hlaðvarpsþáttastjórnandi og öryggisráðgjafi
8. Embla Werner Guðleifsdóttir, stuðningsfulltrúi í Grunnskólanum í Hveragerði
9. Guðjón Óskar Kristjánsson, deildarstjóri fasteigna, húskerfa og svæða virkjana ON
10. Halldóra Jóna Guðmundsdóttir, framreiðslusveinn
11. Hrafn Andrés Harðarsson, bókavörður og skáld
12. Anna Jörunn Stefánsdóttir, talmeinafræðingur, sellóleikari og kennari
13. Njörður Sigurðsson, sagnfræðingur og bæjarfulltrúi
14. Sandra Sigurðardóttir, þingmaður og forseti bæjarstjórnar

Gáta vikunnar

Bæjarnafn sem ber ei gleyma, bungur setja á dalinn hnút. Hvar álfar flestir áttu heima, eðalbækur gefur út.

- Svar við gátu í blaði 2845: **SUND**
1. Heilsubótarsund - 2. Sund sbr. Grímseyjarsund
 3. Húsasund - 4. Mjó gata sbr. Templarasund



D-listinn í Árborg kynntur

Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg kynnti á laugardaginn sl. nýsamþykktan fram-boðslista sinn að afloknum fundi fulltrúaráðs sjálfstæði-félaganna í sveitarfélaginu. Listinn samanstendur af ein-staklingum með fjölbreyttan bakgrunn, reynslumiklum einstaklingum og þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á vettvangi sveitarstjórnarmála. Sérstakt ánægjuefni er hversu mikið af ungu fólki tekur sæti á listanum.

„Ég er ótrúlega stoltur af því að leiða þennan góða, öflu-ga og skemmtilega hóp inn í sveitarstjórnarkosningarnar í vor. D-listinn í Árborg vill vinna áfram að hagsmunum íbúa í Sveitarfélaginu Árborg og við hlökkum til að eiga samtöl við íbúa á næstu vikum um málefni samfélagsins.“ Sagði Bragi Bjarnason, odd-viti listans af þessu tilefni.

Fréttatilkynning frá Sjálfstæðisflokknum í Árborg

Listinn er skipaður eftirfarandi:

1. Bragi Bjarnason, bæjarstjóri
2. Sveinn Ægir Birgisson, formaður bæjarráðs
3. Linda Björk Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri
4. Brynhildur Jónsdóttir, forstöðuþroskaþjálfari og bæjarfulltrúi
5. Þórhildur Ingvadóttir, umsjónarm. Lyfju og varabæjarfulltrúi
6. Kjartan Björnsson, rakari og forseti bæjarstjórnar
7. Sigurbjörg Guðmundsdóttir, laganemi
8. Sigríður Ósk Harðardóttir, rekstrarfulltrúi
9. Gísli Rúnar Gíslason, kennaranemi
10. Esther Ýr Óskarsdóttir, lögfræðingur
11. Ívar Marínó Lillendahl, lækni
12. Björg Agnarsdóttir, mannauðs- og launasérfræðingur
13. Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur
14. Margrét Anna Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi
15. Alexander Már Egan, þjónustufulltrúi
16. Embla Líf Guðmundsdóttir, umönnun
17. Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri
18. Atli Dagur Guðmundsson, nemi
19. Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri
20. Andri Hrafn Hallsson, tannlæknir
21. Júlía Katrín Sigmundsdóttir, háskólanemi
22. Ari Thorarensen, fangavörður

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi

Svansvottuð prentsmíða

Selfosskirkja býður upp á morgunverð

Eins og undanfarin ár býður sóknarnefnd Selfosskirkju öllum kirkjugestum upp á hressingu að aflokinni messu á páska-dagsmorgun, en messan hefst kl. 8. Í beinu framhaldi verður boðið upp á hressingu og páskaegg frá Nettó. Það er ánægjulegt að sjá hvað margir koma í messu á þessum tíma og viðhalda þessari hefð á páskadagsmorgun. Sóknarnefnd býður sóknarbörn og gesti velkomna í Selfosskirkju. Gleðilega páska.

Aðalsafnaðarfundur gekk vel

Nýlega var haldinn aðalsafnaðarfundur Selfosskirkju. Í árskýrslu segir vel frá því hvað starfið er öflugt og fjölbreytt. Við erum svo heppin að hafa á að skipa frábæru fólki innan kirkjunnar sem skilar góðu og áhuga-verðu starfi. Kirkjusókn jókst á milli ára og voru að koma yfir eitt hundrað manns í messu að meðaltali um hverja helgi. Alls voru 55 messur sl. ár og komu 6658 kirkjugestir. Morgunbænir voru 98, mættir 366. Alls voru

125 börn fermd, hjónavígslur voru 25 og skírnir voru 87. Útfarir frá Selfosskirkju voru 69. Í Selfosskirkju er ríkjandi sönghefð, alls syngja um 75 einstaklingar í þremur kórum. Kirkjukórinn söng í 43 messum og 28 útförum á sl. ári. Edit A. Molnár stjórnar bæði kirkju- og unglingakór, en Bergþóra Kristínardóttir stjórnar barnakórnum.

Verkefni barna- og unglingakóra eru fjölbreytt og krefjandi m.a. að syngja í æskulýðsmessum. Boðið er upp á söngskóla fyrir byrjendur. Þá er æskulýðsstarf kirkjunnar fjölbreytt og öflugt undir stjórn Sjafnar Þórarinsdóttur æskulýðsfulltrúa.

Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar



Selfosskirkja. Mynd: Dagskráin/BRV

Lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar

Lokakeppni Stóru upplestra-keppninnar í Árborg var haldin í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri í skóla-húsnæðinu á Stokkseyri þann 19. mars.

Lokakeppnin er samstarfs-verkefni grunnskólanna og Skólabjónustu Árborgar og hefur undirbúningur staðið yfir frá Degi íslenskrar tungu 16. nóvember sl.

Á undirbúningsstímabilinu fá allir nemendur 7. árgangs grunnskóla sveitarfélagsins þjálfun í vönduðum upplestri. Í hverjum skóla fór fram undan-keppni og eru það sigurvegarar hennar sem taka þátt í stóru upplestrarkeppninni. Að þessu sinni voru keppendur 11 talsins, þau voru: Arney Hekla Steingrimsdóttir og Ísak Guðni Birgisson úr BES, Manúela Tanja Eiðsdóttir, Jón Heiðar Grétarsson og Saga Sveinsdóttir úr Sunnulækjarskóla, Katla Margrét Ægisdóttir, Rúnar Baldvin Felixson og Vigdís Birta Veigarsdóttir úr Stekkja-

skóla, Christel Dís Grímsdóttir, Kári Vilberg Jónsson og Tómas Birgir Frímannsson úr Valla-skóla.

Stóra upplestrarkeppnin fór þannig fram að keppendur lásu þrisvar sinnum. Í fyrstu umferð var lesið textabrot úr bókinni Fjárjóðsleit í Granada eftir Ólaf Pál Jónsson, í annari umferð lásu nemendur ljóð eftir íslensk ljóðskáld sem öll fjalla um fugla í íslenskri náttúru og í þriðju umferð lásu nemendur ljóð að eigin vali.

Kynnir keppninnar var Charlotte Sigríð á Kósini, verk-efnastjóri og umsjónarkennari í BES. Á milli upplestranna var boðið upp á glæsileg tónlistaratriði sem nemendur úr BES sáu um. Ída Þorgerður Inga-dóttir lék á selló við undirleik Uelle Hahndorf tónlistarkennara. Þorbergur Óttar Haraldsson lék dúett á flautu ásamt tónlistarkennaranum sínum henni Kristínu Jóhönnu Dudziak Glúmsdóttur og að lokum léku systkinin Þorbergur Óttar og



Frá vinstri Katla Margrét, Jón Heiðar og Vigdís Birta. Mynd: Aðsend.

Steinunn Inga Haraldsbörn og Hugi Scheving Riley á flautu ásamt Kristínu.

Dómnafndina skipuðu þau Hildur Bjargmundsdóttir, Hrund Harðardóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Sigríður Pálsdóttir og Tinna Ósk Björnsdóttir. Formaður dómnafndar var Hrund Harðardóttir og hafði hún á orði að nefndinni hefði verið mikill vandi á höndum þar sem keppendur voru mjög vel undirbúnir og stóðu sig allir mjög vel.

Sigurvegari keppninnar í ár var Jón Heiðar Grétarsson úr Sunnulækjarskóla, í öðru sæti var Katla Margrét Ægisdóttir úr Stekkjaskóla og í þriðja sæti var Vigdís Birta Veigarsdóttir einnig úr Stekkjaskóla. Sigurvegararnir fengu að launum glæsilegar bókagjafir sem Bragi Bjarnason bæjarstjóri afhenti.

Sigurvegurum og keppendum sem og skólunum er óskað til hamingju með glæsilega keppi og flottan árangur.





ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki giska hvað er að,
komdu frekar í skoðun



Náttúruleg Útihúsgögn.is

Handsmíðuð Gæðavara
Alvöru tréhúsgögn
úti allt árið



Skóðuðu úrvallið

info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is

- Fyrirtæki
- Bæjarfélög
- Heimili
- Sumarbústaðir
- Hótel
- Gististaðir
- Veitingastaðir



Borðbekkir



Garðbekkir



Borðsett 4 – 12 manna



Hringborð



BÁRAR

STÉTTARFÉLAG

Vegna aðalfundar 11. maí 2026

Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags hefur sent frá sér tillögu að lista samkvæmt lögum sem samþykkt voru á aðalfundi 2017. Nefndin leggur fram tillögu að lista til stjórnar og nefnda Bárunnar, stéttarfélags á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 11. maí 2026.

Listi uppstillingarnefndar liggur frammi til kynningar hjá Bárunni, stéttarfélagi Austurvegi 56, Selfossi og á heimasíðu félagsins frá og með 31.03 2026.

Frestur til að bjóða sig fram og/eða bera fram aðrar tillögur til uppstillingarnefndar er til og með 30. apríl 2026 og skilist á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56 Selfossi.

Auglýsing um framboðslista



Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga, sem fram fara 16. maí 2026, rennur út kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 10. apríl 2026. Kosið verður til bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Árborg.

Framboðslistar skulu hafa borist yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar áður en framboðsfrestur rennur út sbr. ofangreindan tíma. Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum í fundarsal á 3. hæð, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, föstudaginn 10. apríl 2026 frá klukkan 11:00 fyrir hádegi til klukkan 12:00 á hádegi.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 11 nöfn frambjóðenda og eigi fleiri en 22. Framboðslista skal fylgja yfirlýsing þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Gæta skal þess að tilgreina með skýrum hætti fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og lögheimili, til þess að enginn vafi leiki á því hver er í kjöri.

Hyggist stjórnmalasamtök sem ekki hafa skráðan listabókstaf samkvæmt auglýsingu um listabókstafi stjórnmalasamtaka nr. 54/2025 í B-deild Stjórnartíðinda, bjóða fram lista skulu þau um leið og framboðslista er skilað til yfirkjörstjórnar leggja þar fram beiðni um úthlutun listabókstafs og staðfestingu á heiti framboðs.

Framboðslistum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í sveitarfélaginu, 80 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 160. Rafræn söfnun meðmæla fer fram á www.island.is. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Greina skal nafn, kennitölu og lögheimili meðmælenda.

Frambjóðendur geta ekki verið meðmælendur eigin framboðs. Kjörstjórnarmenn í landskjörstjórn, yfirkjörstjórnnum og umdæmiskjörstjórnnum geta ekki vera meðmælendur framboðs.

Með hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir eru umboðsmenn listans. Upplýsingar um nafn, fæðingardag, netfang og símanúmer umboðsmanns skal fylgja tilkynningunni ásamt skriflegu samþykki hans. Samþykkið getur verið undirritað eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Nánari upplýsingar um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista er að finna í reglugerð nr. 254/2024 <https://island.is/reglugerdir/nr/0254-2024>

Upplýsingar og eyðublöð vegna skila á framboðum og fylgigögnum er að finna á Skil á framboðum | island.is

Selfossi, 23. mars 2026

Yfirkjörstjórnin í Sveitarfélaginu Árborg

Ingimundur Sigurmundsson
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir
Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

Unglingar á Suðurlandi kalla eftir meiri fræðslu á ungmennapingi Barnaheilla

Rúmlega 30 nemendur af fyrsta og öðru ári Fjölbautaskólans á Suðurlandi og úr efstu bekkjum Sunnulaekjarskóla og Vallaskóla létu appelsínugular veðurviðvaranir ekki á sig fá og mættu á ungmennaping Barnaheilla þann 26. mars. Þetta er fimmta og næstsíðasta þing samtakanna með ungu fólki vítt og breytt um landið.

„Ungmennin sem mættu í vonda veðrinu í Fjölbautaskóla Suðurlands voru hreint út sagt stórkostleg. Það var virkilega gaman og gagnlegt að heyra þeirra sýn á þetta mikilvæga málefni. Mörg þeirra töluðu um hversu mikið þau hefðu lært af því að eiga þetta samtal og hversu skemmtilegt þeim fannst að taka þátt í þinginu,“ segir Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra ofbeldisforvarna og kynheilbrigðismála hjá Barnaheillum. „Öll segjast þau vilja meiri fræðslu og það rímar við það sem við höfum heyrt annars staðar á landinu. Þetta segir okkur bara eitt - að við þurfum að sinna forvörnum mun betur og auka verulega við kynningu á þeim úrræðum sem ungt fólk getur leitað í.“

Þátttakendum var skipt niður á átta borð með mismunandi umræðuefni sem sneri að ofbeldi í nánnum samböndum unglinga. Kennarar og starfsfólk sem vinnur að ungmennastarfi í skólunum tóku að sér að stýra borðumræðum um við-



fangsefnin í litlum hópum.

Hóparnir færðu sig svo reglulega á milli borða til að ræða málefnið út frá ýmsum hliðum og læra að þekkja muninn á heilbrigðum og óheilbrigðum samskiptum, þekkja birtingarmyndir ofbeldis, hvert bæði þolendur og gerendur geta leitað eftir aðstoð, hvaða úrræði eru í boði, við hverja er best að tala og eins um mikilvægi fræðslu og forvarna eins og Barnaheill standa að.

Ungmennin voru sér og sínum skólum til mikillar fyrirmyndar og tóku virkan þátt í samtalinu. Þau kölluðu eftir meiri fræðslu og töldu að stjórnvöld ættu að gera meira í því að auka umræðu og efla forvarnir í þessum málaflokki.

Ungmennapínginu lauk svo með veislu þar sem þátttakendum var boðið upp á pizzur eftir góðar umræður. Allir fengu svo hleðslubanka og margnota tau-

poka að kveðjugjöf frá Barnaheillum.

Barnaheill fengu styrk frá dómsmálaráðuneytinu til að halda ungmennaping á sex stöðum á landinu á næstu vikum. Fyrstu þingin voru haldin á Suðurnesjum, Hafnarfirði, Akureyri og Egilsstöðum og það síðasta verður haldið 8. apríl á Ísafirði.

Niðurstöður af þingunum öllum verða sendar til þátttakenda, skólayfirvalda, lögreglu og sveitarstjórnarfólks á vordögum, með von um að þær nýtist til að byggja upp enn betra forvarnastarf og viðbrögð við ofbeldi í nánnum samböndum ungmenna. Þá verða niðurstöðurnar kynntar á sérstöku málþingi Barnaheilla sem haldið verður 29. apríl, þar sem fagaðilum, stjórnvöldum og fulltrúum af ungmennapíngunum verður boðið að taka þátt í umræðum.



Freyr Baldursson listamaður apríl mánaðar

Listamaður apríl mánaðar í Gallery Listaseli er Freyr Baldursson frá Stokkseyri en býr nú á Selfossi. Hann menntaður múrari og hefur haft áhuga

og stundað myndlist frá ungum aldri. Hann er meðlimur í myndlistafélagi Árnesinga og er þetta fyrsta skref hans í að opinbera myndlist sína. Freyr verður

með opnun laugard 4 apríl milli kl. 14-16 og býður uppá léttar veitingar, allir velkomnir.



Mótun Nýsköpunarstefnu Suðurlands

Þriðja vinnustofan um mótun Nýsköpunarstefnu Suðurlands fór fram í Háskólafélagi Suðurlands 23. mars. Þar var áhersla lögð á að fara dýpra í helstu viðfangsefni, móta aðgerðir og ræða leiðir til að vinna gegn þeim hindrunum sem hafa áhrif á nýsköpun í landshlutunum.

Í umræðum vinnuhópa, sem skipaðir voru fulltrúum úr atvinnulífi, stofnunum og sveitarfélögum, kom skýrt fram að Suðurland stendur á tímamótum. Hröð fólksfjölgun, breytt samsetning samfélagsins og ríkulegar auðlindir svæðisins skapa margvisleg tækifæri til framtíðar.

Rætt var um að til þess að byggja upp sterkt samfélag sé mikilvægt að menntun sé aðgengileg sem uppfyllir þarfir atvinnulífsins og markviss nýsköpun.

Þar voru meðal annars nefnd landbúnaður, orkuframleiðsla, landeldi og uppskipun sem öflugur grunnur að frekari verðmætasköpun. Eitt af því sem þátttakendur lögðu sérstaka áherslu á var skortur á menntuðu og sérhæfðu starfsfólki á Suðurlandi í einstökum atvinnugreinum. Fram kom að efla þurfi aðgengi að háskólamenntun og skapa betri forsendur til að laða að og halda í þjálfað fagfólk á svæðinu.

Gestir frá Akureyri, fulltrúar Drift EA, voru viðstödd vinnustofuna en Háskólafélag Suðurlands og Drift EA undirbúa nú samstarf, með stuðningi SASS í gegnum Sóknaráætlun Suðurlands, um nýtt verkefni sem ætlað er að efla nýsköpun og þróun innan starfandi fyrirtækja á Suðurlandi.

Að lokinni vinnustofunni heimsóttu fulltrúar Háskólafélags Suðurlands og Drift EA nokkur fyrirtæki á Suðurlandi, þar sem samtalinu um tækifæri og áskoranir í sunnlensku nýsköpunarumhverfi var haldið áfram.



Kanadískur markvörður til liðs við Selfoss

Kanntspymudeild Selfoss hefur samið við kanadíska markvörðinn Sophie Guilmette um að leika með liðinu í Lengjudeildinni í sumar. Guilmette er 25 ára og kemur til félagsins með góða reynslu úr háskólabolta og meistaraflökki í heimalandi sínu.

Hún útskrifaðist frá McGill-háskólanum í Montreal árið 2024 þar sem hún lét mikið að sér kveða. Á þeim tíma var hún valin í stjórnumlið skólans og hlaut jafnframt viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur.

Eftir útskrift hefur Guilmette

leikið með CS Longueuil og Halifax Tides FC í Kanada. Þá

hefur hún einnig reynslu af leik með yngri landsliðum Kanada.



FSu úr leik eftir góðan árangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands er úr leik Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, en þann 26. mars sl. mætti FSu, Menntaskólanum í Reykjavík, í undanúrslitum. FSu tryggði sér sæti í undanúrslitum fimmtudaginn 19. mars sl. eftir glæsilegan sigur á móti Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi í átta liða úrslitum.

MR hafði yfirhöndina alla keppnina og lauk leiknum með lokastigunum 36–25, sem tryggði MR sæti í úrslitum 10. apríl næstkomandi. Þar með er FSu úr leik, eftir góðan árangur í fyrri umferðum.

Lið FSu skipa þau Valgeir Gestur, Eysteinnsson, Hrafnhildur Svava Hemmert Sigurðardóttir og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson.



Mynd: Ruv.is/Ásrún Aldís Hreinsdóttir.

Auglýsing Móttaka framboðslista



Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga, sem fram fara 16. maí 2026, rennur út kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 10. apríl 2026. Kosið verður til bæjarstjórnar í Hveragerðisbæ.

Framboðslistar skulu hafa borist yfirkjörstjórn Hveragerðisbæjar áður en framboðsfrestur rennur út sbr. ofangreindan tíma. Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum í fundarsal á 2. hæð á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, Hveragerði, föstudaginn 10. apríl 2026 frá kl. 11:00 fyrir hádegi til kl. 12:00 á hádegi.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 7 nöfn frambjóðenda og eigi fleiri en 14. Framboðslista skal fylgja yfirlýsing þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Gæta skal þess að tilgreina með skýrum hætti fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og lögheimili, þannig að enginn vafi leiki á því hver sé í kjöri. Eyðublað fyrir framboðslista er að finna á vef landskjörstjórnar.

Hyggist stjórnmalasamtök sem ekki hafa skráðan listabókstaf samkvæmt auglýsingu um listabókstafi stjórnmalasamtaka nr. 54/2025 í B-deild Stjórnartíðinda, bjóða fram lista skulu þau um leið og framboðslista er skilað til yfirkjörstjórnar leggja þar fram beiðni um úthlutun listabókstafs og staðfestingu á heiti framboðs.

Með hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir eru umboðsmenn listans. Upplýsingar um nafn, fæðingardag, netfang og símanúmer umboðsmanns skulu fylgja tilkynningunni ásamt skriflegu samþykki hans. Samþykkið getur verið undirritað eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Sýnishorn af tilkynningu um framboð og umboðsmenn er að finna á vef landskjörstjórnar.

Framboðslistum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í sveitarfélaginu, 40 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 80. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Frambjóðendur geta ekki verið meðmælendur eigin framboðs. Kjörstjórnarmenn í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn geta ekki verið meðmælendur framboðs. Nánari upplýsingar um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista er að finna í reglugerð nr. 254/2024.

Nánari upplýsingar og eyðublöð vegna skila á framboðum er að finna á vef landskjörstjórnar á island.is <https://island.is/v/sveitarstjornarkosningar-2026/skil-a-frambodum>

Hveragerði, 23. mars 2026
Yfirkjörstjórnin í Hveragerðisbæ
Reynir Þór Garðarsson
Gísli Páll Pálsson
Auður Elísabet Guðjónsdóttir

Horfum til framtíðar í Árborg



Matthías Bjarnason

Oddviti B-lista
Framsóknar í Árborg

KOSNINGAR 2026

Kosningabaráttan er hafin og kjörnir fulltrúar og framboðendur þegar farnir að takast á um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Núverandi meirihluti heldur því fram að fyrri meirihluti hafi keyrt sveitarfélagið nánast í þrot á meðan fulltrúar Samfylkingar telja að þær fjárfestingar sem ráðist var í hafi verið nauðsynlegar.

En voru þær aðgerðir sem ráðist var í á yfirstandandi kjörtímabili nauðsynlegar? Við í Framsókn höfum gagnrýnt ýmislegt en stutt annað. Þetta er nefnilega ekki alveg klippt og skorið.

Á síðustu dögum hafa birst greinar frá oddvitum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um fjármál sveitarfélagsins. Ein greinin endaði á orðunum orðunum: „Höfum söguna í huga og horfum til framtíðar – Árborg til heilla!“

Þau orð get ég tekið undir. Við þurfum að hafa alla söguna í huga en gæta þess að velja ekki bara brot úr henni sem hugnast hverju sinni. Söguna þarf að skoða í heild, læra af henni og nýta lærdóminn þegar horft er fram á veginn.

Hver er sagan?

Á kjörtímabilinu 2018–2022 var ráðist í mikla innviðaupbyggingu. Byggður var leikskóli, grunnskóli og hjúkrunarheimili, fjölnota íþróttahöll var reist og farið í fleiri nauðsynlegar fram-

kvæmdir sem höfðu setið á haknum í of langan tíma.

Sveitarfélagið var í reynd komið í svokallaða innviðaskuld, þrátt fyrir ágæta fjárhagsstöðu á þeim tíma. Framkvæmdirnar kostuðu sitt og voru að stórum hluta fjármagnaðar með lánum. Skuldir jukust hratt og á sama tíma rauk verðbólgan upp í kjölfar COVID-19. Vextir hækkuðu og verðtryggðar skuldir þöndust út, rétt eins og gerðist hjá heimilum og ríki. Skuldahlutfall sveitarfélagsins fór yfir 150% skuldaviðmið og sveitarfélagið var því komið á hættusvæði.

Kosningarnar 2022 snerust að stórum hluta um þessa stöðu. Þegar nýr meirihluti tók við var gripið til skattahækkana, uppsagna og hagræðingar. Tekjurnar jukust og skuldahlutfallið lækkaði niður fyrir 110%.

Skattahækkanir leggjast á heimilin

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði var 0,245% árið 2022 en hefur verið hækkaður í 0,44% í dag, eftir að hafa farið hæst í 0,48%. Þetta er nær tvöföldun á kjörtímabilinu, samhliða var gjalddögum fjölgað úr 10 í 11 og útsvar hækkaði úr 14,52% í 14,97%. Þá var einnig gripið til tímabundinnar hækkunar á útsvarinu árið 2024, í 16,44% og íbúar fengu eftirminnilega reikning fyrir þeirri hækkun sumarið 2025.

Hækkun fasteignaskatts hefur haft veruleg áhrif á íbúa Árborgar, ekki síst vegna mikillar hækkunar fasteignamats. Víða annars staðar hafa sveitarfélög brugðist við slíkum hækkunum með því að lækka skattahlutfallið en það er ekki tilfellið hjá núverandi meirihluta.

Þar að auki voru tekin upp byggingaréttargjöld til að standa

undir innviðaupbyggingu. Sökum samdráttar í uppbyggingu var fljótlega veittur tímabundinn afsláttur á miðsvæði Selfoss til loka árs 2026. Sala byggingaréttar hefur skilað ágætis tekjum til sveitarfélagsins. Byggingaréttargjöld eru samt sem áður aukin skattheimta sem skilar sér í herra húsnæðisverði og er ein-skiptis gjald á hverri lóð.

Horft fram veginn

Kjörtímabilið 2018–2022 var ekki gallalaust frekar en önnur tímabil. Skuldir hækkuðu of hratt og líklega hefði verið skynsamlegra að dreifa framkvæmdunum betur yfir lengri tíma. Að hluta til má þó rekja stöðuna til þess að nauðsynlegar framkvæmdir höfðu dregist á langinn á fyrri kjörtímabilum. Kjörtímabilið 2022–2026 hefur heldur ekki verið gallalaust. Heimilin hafa borið byrðarnar af forðamalausum skattahækkunum, þó þær hafi skilað auknum tekjum og lægra skuldahlutfalli í kjölfarið.

Með söguna í huga er mikilvægt að horfa til framtíðar. Fjárhagsstaðan er betri í dag en fyrir fjórum árum, en við erum enn á viðkvæmum stað. Fram undan eru verkefni sem ekki verður lengur frestað, styrkja þarf innviði, efla atvinnulíf og stíga

markviss skref til að létta þær byrðar sem lagðar hafa verið á heimilin.

Lækkun fasteignaskatta – Það er mikilvægt að vinda ofan af skattahækkunum síðustu ára sem leggjast þungt á bæði heimili og fyrirtæki, það þarf að gerast í varfærum en markvissum skrefum. Í vaxandi sveitarfélagi er það raunhæft, enda fjölgar þeim sem greiða í sameiginlega sjóði á hverju ári.

Skynsamleg fjárfestingaráætlun – Sveitarfélag sem vex eins hratt og Árborg þarf að fjárfesta, það er óhjákvæmilegt. En hér þarf líka að gera skýra langtímaáætlun. Við höfum löngum heimilað uppbyggingu og bætt við innviðum eftir á. Það er kominn tími til að meta þörfina, forgangsraða og framkvæma í rétttri röð. Plástrar og reddingar kosta samfélagið til lengri tíma.

Þjónustan í fyrsta sæti – Hlutverk sveitarfélagsins er að þjónusta íbúa. Fólkl flytur til Árborgar vegna þess að hér er gott að búa og við ætlum að halda því þannig. Við þurfum að tryggja og efla grunnþjónustu og standa vörð um þau lífsgæði sem einkenna Árborg.

Uppbygging atvinnulífs – Uppbygging atvinnu hefur ekki tekið við sér á kjörtímabilinu, sem er kannski skiljanlegt þar

sem gjöld á borð við fasteigna-, byggingarétt- og gatnagerðargjöld eru verulega íþyngjandi. Nauðsynlegt er að hlúa að því atvinnulífi sem er hér fyrir og byggja upp nýjar stöðir. Við þurfum að spyrja okkur hvort betra sé að rukka allt í botn og halda þannig aftur af atvinnu uppbyggingu eða hvort hægt sé að lækka gjöld og álögur, efla atvinnulíf og sækja auknar tekjur samhliða auknu atvinnulífi. Hugsa þarf uppbyggingu í takt við innviðapörf til framtíðar.

Tölum máli heimilanna

Ég trúi því af heilum hug að sérhver einstaklingur sem býður sig fram til þjónustu við nær-samfélag sitt reyni að gera sitt besta. Pólitísk umræða vill stundum fara í skotgrafir og það er stundum nauðsynlegt til að vekja athygli á eigin málflutningi. Sagan geymir ýmislegt sem við þurfum að læra af, en við megum ekki festast í henni.

Að mínu mati er brýnt að við sem sveitarfélag horfum fram á veginn og tölum máli heimilanna, því það eru fyrst og fremst þau sem þurfa á sterkri og traustri þjónustu sveitarfélagsins að halda.

Bætum heimaþjónustu aldraðra

Hlutfall aldraðra í samfélaginu hækkar stöðugt. Bætt heilsa og betra heilbrigðiskerfi hafa gert það að verkum að flestir geta búist við að lifa langt fram yfir sjötugt. Árið 2030 verður einn af hverjum sex íbúum jarðar 60 ára eða eldri og árið 2050 mun fjöldi fólks 60 ára og eldri tvöfaldast og gert er ráð fyrir því að fjöldi fólks 80 ára og eldri þrefaldist á milli 2020 og 2050. Að sama skapi mun yngri fólki hlutfallslega fækka.

Leitum nýrra lausna

Það mun alltaf vanta hjúkrunarheimili en það á ekki að vera fyrsti valkostur. Stefna íslenskra stjórnmála er að aldraðir geti búið sem lengst heima. Göfugt markmið sem einungis mun nást ef hægt verður að bjóða eldri borgurunum upp á þjónustu sem gerir þeim kleift að lifa eðlilegu lífi heima fyrir. Eins og stefnir þá munum við ekki hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda heilbrigðisstarfsmanna til að sinna þessum aukna fjölda eldri borgara og hvað ætlum við sem samfélag að gera þá?

Til að mæta breyttum aðstæðum þurfum við að finna nýja lausnir og horfa til nýrra leiða til að þjónusta aldraða. Hér er tæknin með okkur og miklar framfarir við hjúkrun hafa komið fram á síðustu árum.

Við verðum að nýta okkur tækni og nýjungar á þessu sviði til að gera heimaþjónustu hag-

kvæmari þannig að hægt verði að bæta aðra þjónustu við eldri borgara og gera þeim kleift að búa heima hjá sér eins lengi og hægt er.

Ég hef í minni vinnu sem heilbrigðisstarfsmaður stýrt og verið leiðandi á þessari vegferð. Undanfarin ár hefur Heilsugæsla HSU verið brautryðjandi í fjarheilbrigðislausnum sem bæði hefur bætt þjónustu við eldri borgara og gert hana hagkvæmari. Árið 2023 stofnaði HSU heimasjúkudeild fyrir fyrirmynd til að draga úr innlögnum eldra fólks á sjúkrahús ásamt því að hefja fjarvöktun fyrir skjólstaðinga sína. Þrátt fyrir efasemdir starfsmanna í upphafi hefur reynslan sýnt að breytt verklag hefur gert heilbrigðisstarfsmönnum á heilsugæslunni auðveldar að takast á við aukin verkefni sem og aukin fjölda skjólstaðinga án þess að það hafi komið niður á gæðum þjónustunnar. Það sem gerðist líka var að skjólstaðingar heilsugæslunnar upplifðu ekki að þeir væru að fá verri þjónustu.

Tækninýjungar til bættrar þjónustu

Heilsugæslan útvegar skjólstaðingum sínum tæki til að mæla ýmsa þætti sem hafa áhrif á heilsu. Niðurstöður mælinganna sendast svo sjálfkrafa í kerfi heilsugæslunnar þar sem hjúkrunarfræðingar skoða og meta mælingar og ef þörf krefur



Margrét Björk Ólafsdóttir

2. sæti á lista Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg

KOSNINGAR 2026

hefur samband við skjólstaðinga, annaðhvort í formi skilaðra, myndsamta eða samtala allt eftir þörfum og tilefni hverju sinni. Þetta nýja verklag hefur gert hjúkrunarfræðingum auðveldara að sinna fleiri skjólstaðingum en áður, þar sem áður þurftu starfsmenn heilsugæslunnar að fara í heimsókn til hvers og eins skjólstaðings.

Mikilvægt er að tækninýjungar og hagræðing sem af þeim hljótask séu ekki aðeins nýttar til hagræðis heldur líka til að bæta þjónustu.

Nú er staðan sú að sveitarfélagið Árborg hefur í nafni sparnaðar dregið saman í þrífum hjá eldri borgurum til að sinna annarri þjónustu sem þykir mikilvægari til eldri borgara. Hvernig væri að nota tækni eins og sjálfvirka lyfjaskammtara og fækka þeim innlitum og nýta mannskapinn í önnur verk. Með svona einfaldri lausn er ekki verið að skerða þjónustu heldur nota tæknina til gefa starfsfólki svigrúm til að sinna öðrum verkefnum eins og nauðsynlegum þrífum.

Höfundur er hjúkrunarfræðingur.

Páskabingó

Kvenfélagsins á Eyrarbakka verður haldið á Stað mánudaginn 6.apríl 2026. Húsið opnar 15.30, bingóið hefst kl. 16.00

Spjaldið kostar 1.500.-, posi á staðnum.

Fjöldi frábærra vinninga. Þökkum þeim fjölmögu sem styrktu félagið, ágóði rennur til líknarmála. Bingónefnið





Hægt er að senda inn fréttatilkynningar og greinar á netfangið dfs@dfs.is

Markviss uppbygging leikskóla í Hveragerði

Á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka hefur verið unnið markvisst að því að bæta stöðu barnafjölskyldna í Hveragerði. Þar ber hæst að frá febrúar 2026 eru sex tímar á dag gjaldfrjálsir í leikskólum bæjarins. Það jafngildir um 70% lækkun leikskólagjalda fyrir átta tíma vistun frá síðasta kjörtímabili.

Staðan 2018-2022

Árið 2017 setti Hveragerðisbær sér það metnaðarfulla markmið að tryggja börnum frá 12 mánaða aldri leikskólapláss. Við opnun nýs húsnæðis fyrir Leikskólann Undraland sama ár náðist að uppfylla það markmið og næstu misseri á eftir. Á síðasta kjörtímabili, 2018-2022, var hins vegar ekki hugað nægilega vel að áframhaldandi uppbyggingu í leikskólum bæjarins í takt

við íbúafjölgun, biðlistar urðu til og börn frá 12 mánaða aldri komust ekki inn á leikskóla.

Nýtt uppbyggingartímabil

Á því kjörtímabili sem nú er að ljúka ákvað núverandi meirihluti að ráðast í að stækka Leikskólann Óskaland og opnaði nýr hluti hans vorið 2025. Með þeirri framkvæmd hefur náðst að útrýma biðlistum eftir leikskólaplássi sem hafði verið viðvarandi frá síðasta kjörtímabili. Öllum börnum frá 12 mánaða aldri hefur því verið tryggt leikskólapláss í Hveragerði, auk þess að leikskólagjöld hafa lækkað um 70% eins og áður segir. Það er mikil þjónustuaukning fyrir leikskólabörn og barnafólk í Hveragerði. Auk þess var starfsmannaöstaða bætt til muna í Óskalandi.



Njördur Sigurðsson
Bæjarfulltrúi
Okkar Hveragerðis

KÖSNINGAR 2026

Næstu skref

Uppbygging heldur áfram. Á þessu ári fer af stað hönnun nýs leikskóla í Kambalandi og framkvæmdir hefjast á næsta ári. Gert er ráð fyrir að starfsemi hefjist seint á árinu 2027 eða snemma árs 2028. Með þessum aðgerðum hefur núverandi meirihluti ekki aðeins leyst vanda sem skapaðist á síðasta kjörtímabili og erfðist yfir á það kjörtímabil sem nú er að ljúka, heldur einnig lagt grunn að uppbyggingu í takt við áframhaldandi fjölgun íbúa.

Lesum leikinn - uppbygging menntastofnanna í Hveragerði

Í nútímasamfélagi telst starfsemi leik- og grunnskóla til mikilvægrar grunnþjónustu sem sveitarfélög þurfa að halda vel utan um. Í Hveragerði eru starfræktar öflugar menntastofnanir sem hafa í flestum tilvikum vaxið og dafnað í takt við fjölgun íbúa. Það er þó afar mikilvægt að bæjaryfirvöld hverju sinni lesi stöðuna rétt og hafi skýra sýn á framtíðaruppbyggingu. Uppbygging leik- og grunnskóla þarf að vera þannig úr garði gerð að íbúar finni fyrir öryggi varðandi þjónustuna og geti treyst því að hún standi undir þörfum samfélagsins.

Á þessu kjörtímabili lenti ég og mín fjölskylda í óheppilegri stöðu þegar yngsta barnið okkar fékk ekki leikskólapláss fyrir en tæplega tveggja og hálfis árs gamalt. Slík staða getur skapað vandamál í daglegu skipulagi fjölskyldna og getur einnig haft fjárhagsleg áhrif þar sem foreldrar þurfa að gera sérstakar ráðstafanir til að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Við teljum okkur þó meðal þeirra „heppnu“ fjölskyldna sem búa við öflugt bakland sem gat hlaupið undir bagga þegar mest á reyndi. Ekki eru allar fjölskyldur í þeirri stöðu. Að mínu mati er það ábyrgðarhluti sveitarstjórna að tryggja að slíkar aðstæður komi ekki upp.

Hættum að bregðast við – hugum að fyrirbyggjandi nálgun
Þegar kemur að uppbyggingu

leik- og grunnskóla í sveitarfélögum er mikilvægt að stjórnvöld horfi til framtíðar og taki mið af íbúaþróun samfélagsins. Foreldrar leik- og grunnskólabarna eiga að geta treyst því að þjónustan sé til staðar þegar hennar er þörf.

Sveitarfélög mega ekki stöðugt vera að bregðast við ástandinu, heldur þarf að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum. Slík nálgun felur í sér að bæjaryfirvöld horfi langt fram í tímann og hafi skýrar áætlanir um hvað þurfi að gera, hvenær eigi að ráðast í framkvæmdir og hvernig þær verði fjármagnaðar. Þannig má tryggja stöðugleika og fjárfjárfestingu í þjónustu við íbúa.

Sammála um margt – en ekki allt

Sem betur fer hefur ríkt ágæt samstaða í Hveragerði um margt sem varðar uppbyggingu menntastofnana. Til að mynda eru viðbyggingar grunnskólans á síðustu árum gott dæmi um vel heppnaðar framkvæmdir. Við uppbyggingu grunnskólans var endirinn skoðaður í upphafi og tímasetningar framkvæmda hafa rímað vel við þörf samfélagsins hverju sinni.

Þegar kemur að uppbyggingu leikskóla hefur hins vegar ekki ríkt sama samstaða. Þar hefur bæði verið tekist á um hvað eigi að gera og hvernig eigi að fjármagna framkvæmdir. Grunninnviðir á borð við leikskóla eiga að vera í eigu sveitarfélagsins sjálfs en ekki teknir á leigu líkt og gert



Sigmar Karlsson
3. sæti á D-listanum í Hveragerði

KÖSNINGAR 2026

var með viðbyggingu við Leikskólann Óskaland á þessu kjörtímabili. Reynslan sýnir okkur að til lengri tíma er fjárhagslega hagkvæmara fyrir sveitarfélög að standa sjálf að slíkri uppbyggingu og fjármagna hana, eftir atvikum, með lántöku.

Lærum af mistökum og horfum fram á við

Það liggur fyrir að á næstu árum þarf að ráðast í frekari uppbyggingu bæði leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Við þær framkvæmdir þarf að horfa heildstætt á þá fjármögnunarmöguleika sem standa til boða. Það veldur mér áhyggjum að samkvæmt nýjustu fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins virðist stefnt að því að fara sömu leið í uppbyggingu næsta leikskóla og farin var við stækkun Óskalands.

Það er því mikilvægt að ræða þessa uppbyggingu nánar í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Við þurfum að horfast í augu við raunveruleikann, læra af þeim mistökum sem kunna að hafa verið gerð og jafnframt hafa kjark til að viðurkenna þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis. Aðeins þannig getum við tekið upplýstar ákvarðanir um framtíðina.

Matreiðslumaður í mótuneyti Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur leitar að jákvæðum og kraftmiklum einstaklingi með ástríðu fyrir matargerð til að starfa í ný standsettu mótuneyti sveitarfélagsins sem staðsett verður í nýrri byggingu íþróttamiðstöðvar sveitarfélagsins í Árnosi. Viðkomandi þarf að vera skapandi í hugsun og ófeimin að koma með nýjar hugmyndir, barngóður og jákvæður. Í mótuneyti sveitarfélagsins verður framleiddur matur fyrir nemendur leik- og grunnskóla og starfsfólk sveitarfélagsins. Áætlaðir matarskammtar á dag eru um 200 talsins skólaárið 2026-2027. Sveitarfélagið vill leggja áherslu á að framreitt sé heilsusamlegt mataræði sem samanstendur af næringaríkum mat frá náttúrunnar hendi. Í sveitarfélaginu og nærumhverfi þess eru margir frumframleiðendur og matarkista af fjölbreyttu hráefni til hollrar matargerðar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Í starfinu felst:

- Umsjón, undirbúningur og framleiðsla fjölbreyttra máltíða fyrir nemendur leik- og grunnskóla og starfsfólk sveitarfélagsins.
- Daglegur rekstur mótuneytisins.
- Þróun matseðla.
- Að undirbúa mat til flutnings í móttökueldhús.
- Innkaup og móttaka matvæla.
- Skipulagning á eldhúsi, kælum og matvælageymslum.
- Að halda eldhúsi, kælum og matvælageymslum snyrtilegum og vel skipulögðum allt í samræmi við matvælaöryggis-, hreinlætis- og söttvarnastaðla.
- Flokkun og skráning úrgangs frá mótuneyti.
- Stuðla að minni matarsóun.
- Stuðla að heilsuefandi samfélagi í samstarfi við stjórnendur sveitarfélagsins.

Menntun og hæfniskröfur:

- Sveinsbréf í matreiðslu
- Þekking á næringarfræði og áhugi á heilsusamlegri matargerð.
- Þekking á HACCP gæðakerfi.
- Þekking á hreinlætis- og söttvarnastöðlum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góð þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Sveigjanleiki og vinnugleði
- Stundvísi, snyrtimennska og reglusemi

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi búa um 680 íbúar. Um er að ræða dreifbýlt sveitarfélag með tvo byggðakjarna, Árnosi og Brautarholt. Þjórskóli, grunnskóli sveitarfélagsins, er staðsettur í Árnosi og leikskólinn leikholt er staðsettur í Brautarholti. Sveitarfélagið, sem er umvafið náttúrufergurð, er í um klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Hjá sveitarfélaginu starfa um 60 manns. Lögð er áhersla á að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að velliðan og árangri þar sem starfað er af fagmennsku og góðum ásetningu með hag sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfni til að sinna starfinu.

Um er að ræða 100% starf.

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2026.

Öllum umsóknum verður svarað eftir að umsóknarfrestur er liðinn og unnið hefur verið úr umsóknum. Umsóknir óskast sendar á sylviakaren@skeidgnup.is ásamt ferilskrá og kynningarbréfi. Nánari upplýsingar veitir Sýlvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri, netfang: sylviakaren@skeidgnup.is Öll hvött til að sækja um. Vakin er athygli á stefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps að jafna hlutfall kynja í störfum fyrir sveitarfélagið og samræmingu milli einkalífs og fjölskyldu.

FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir- einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30- AA fundur
Þrið. kl. 19- AA konufundur
Mið. kl. 19:30- AA fundur
Fim. kl. 20- AA karlafundur
Fös. kl. 20:30- AA fundur
Lau. kl. 21- AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21- AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8- 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1

Mánudaga Kl.18- Konur
Fimmtudaga Kl.18- Sporafundur- Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta á skírdagskvöld kl. 20. Guðmundur Brynjólfsson djákni þjónar og prédikar. Afskrýðing altarisins og ljósins skilökt. Skálholtskórinn syngur og Eyrún Jónasdóttir leikur á orgel.

Guðsþjónusta á föstudaginn langa kl. 16 með kórsöng og lestri Píslarsögunnar. Sr. Axel Á. Njarðvík þjónar og Jón Bjarnason dómorganisti leiðir Skálholtskórinn og leikur undir.

Altarisganga við sólarupprás á páskadagsmorgun kl. 6.20. Sr. Axel Á. Njarðvík þjónar og leiðir.

Árdagsmessa á páskadag kl. 8. Sr. Axel Á. Njarðvík þjónar og prédikar. Jón Bjarnason leiðir safnaðarsöng og leikur á orgel og flygil. Morgunverður á Hótel Hvönn eftir messu í boði Skálholts.

Hátíðarmessa á páskadag kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari. Guðmundur Brynjólfsson djákni prédikar. Jón Bjarnason dómorganisti leikur á hljóðfæri. Skálholtskórinn syngur og leiðir Hátíðarsöngva Bjarna Þorsteinssonar.

Páskamarkaður í Emil&Lína

Næsti markaður í Emil&Línu á Selfossi verður haldinn um páskahelgina, laugardaginn 4. apríl kl. 12-16, og munu fjölbreyttir listamenn af Árborgarsvæðinu selja handverk sitt auk þess sem Lionsklúbburinn Embla mun standa fyrir vöfllu-sölu til styrktar góðra málefna. Meðal þeirra sem hafa bás á markaðnum að þessu sinni eru Daley kerti með handgerð kerti, Uglúfrís með heklaðar fígúrir, Artrún með keramiklist, Endurlífga Jewellery og Silfurjón með handgert skart og Born in Iceland með handþrjónaðar flíkur. Það ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi en meðan á markaðnum stendur verður

KIRKJUR

Bræðratungukirkja

Messa á skírdag kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari. Guðmundur Brynjólfsson djákni prédikar og Jón Bjarnason dómorganisti leiðir söng og undirleik. Messukaffi á bænum.

Torfastaðakirkja

Messa á föstudaginn langa kl. 14. Lesum og syngjum Passíusálmana. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur og Jón Bjarnason dómorganisti þjóna.

Miðdalskirkja

Hátíðarmessa á páskadag kl. 11. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur og Jón Bjarnason dómorganisti þjóna og tóna. Meðhjálpari er Ragnheiður Hilmarsdóttir.

Þingvallakirkja

Hátíðarmessa í á páskadag kl. 14. Sr. Axel Á. Njarðvík þjónar fyrir altari og prédikar. Elísa Elíasdóttir leikur á orgel og leiðir söng.

Haukadalskirkja

Hátíðarmessa kl. 14 annan páskadag. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur og Jón Bjarnason dómorganisti þjóna og tóna.

Oddakirkja

Messa að kvöldi skírdags, fimmtudaginn 2. apríl, kl. 20.00.

Keldnakirkja

Lestur úr Passíusálmunum á föstudaginn langa 3. apríl, kl. 13.00.

Þykkvabæjarkirkja

Hátíðarguðsþjónusta að morgni páskadags 5. apríl, kl. 8.00. Morgunverður í íþróttahúsinu í boði sóknarnefndar eftir athöfn.

Páskadagur 5. Apríl.

Kl.11.00 í Árbæjarkirkju .
Kl.14.00 í Hagakirkju
Kl.16.00 í Skarðskirkju.
Á 2. í páskum, Þann 6.apríl hitt-umst við svo í Kálfholtskirkju kl.14.00.
Kórarnir leiða söng og þið eruð hjartanlega velkomin.

einnig páskaeggjaleit fyrir börnin og lítil gjöf frá Emil&Lína fyrir þau sem finna egg.

„Viðtökurnar við síðasta markaði voru svo góðar að við vissum að við þyrftum að endurtaka leikinn fljótlega,“ segir Jóna Alla Axelsdóttir, starfsmaður verslunarinnar Emil&Lína á Selfossi, en í desember var fyrsti handverksmarkaður verslunarinnar haldinn með pomp og prakt.

Eitthvað fyrir alla

Emil&Lína er íslensk verslun sem opnaði dyr sínar við Larsenstræti 2 á Selfossi í lok maí í fyrra og hefur notið vinsælda síðan. Verslunin hýsir mörg ólík barnavörumerki eins og Mayoral, LENNE, iCandy og íslenska vörumerkið Born in Iceland, en nú síðast bættist við útivistarmerkið Zo-On og því getur öll fjölskyldan nú verslað á sama

stað. Verslanir Emil&Lína eru fjórar: á Selfossi, Akureyri, Laugavegi og í Firði, auk Mayoral verslunar í Smáralind.

„Við erum dugleg við að hafa skemmtilegar uppákomur í verslun okkar hér á Selfossi eins og markaði, föndursmiðjur o.fl. og við erum t.a.m. með þrjónamorgna alla þriðjudaga, sem og foreldramorgna alla fimmtudaga. Þetta gerum við til að virkja samfélagið í kringum okkur og útvega fólki tíma og stað til að hittast og tengjast, því stundum er það það eina sem fólk þarf.“ segir Jóna Alla.

„Við þökkum kærlega fyrir góðar móttökur hér á Selfossi og vonumst til að sjá sem flesta á páskamarkaðnum 4. apríl!“ segir Jóna Alla að lokum.

Brot af því sem verður selt á páska-markaði Emil&Línu. Mynd: Aðsend



Ljóð vikunnar

SKÖPUNARSAGAN

Öll ljóð byrja á morgnana, með sólinni. Jafnvel þótt ljóðið sjáist ekki (til dæmis í rigningu) er ljóðið það sem skýrir allt, það lýsir upp jörðina, himininn og stöku ský inn á milli – birtan er óþægileg þegar of mikið er af henni. Þá rís ljóðið með mistrinu sem dagurinn dragnast með; það smýgur um krónur trjáanna, syngur með fuglunum og streymir með lækjunum og enginn veit hvaðan þau koma og hvert þau fara. Ljóðið segir okkur hvernig allt er gert: nema það sjálft sem byrjar fyrir algera tilviljun einn gráan morgun og endar, líka af hendingu, með sólinni að reyna að slá í gegn

Nuno Júdice, *Portúgal, 1949-2024*
Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu *Germaines Droogenbroodt*

úr *“A Condescendência do Ser”, Assirio & Alvim, 1988*

Málverk eftir Biagio Fortini, Ítalíu

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Góður árangur hjá Berserkjum á hvítbeltamóti VBC

Frá vinstri: Hrafnhildur Daniélsdóttir, Fannar Júlíusson, Emil Waagfjörð, Arnar Högni, Sigríður Jóna, Daniel Sigurðsson, Bylgja Sigmarisdóttir og Hekla Dögg.

G límufélagið Berserkir tók þátt í hvítbeltamóti VBC þann 21. mars. Mótið er ætlað byrjendum í íþróttinni og kepp-

endum með hvít eða blá belt. Alls tóku 63 keppendur þátt þennan dag. Berserkir sendu fimm kepp-

endur til leiks sem stóðu sig afar vel. Uppskeran var ein gullverðlaun, tvö silfur og ein bronsverðlaun. Keppendur sýndu mikla baráttu og fjölmargar skemmtilegar glímur, þar sem uppgjafartök sáust í nokkrum viðureignum.

Frammistaða keppenda var til fyrirmyndar og miklar bætingar hjá hópnun.

Úrslit keppenda Berserkja:

Sigríður Jóna Rafnsdóttir

1. sæti (hvítbelti, -64 kg) Arnar Högni
2. sæti (hvítbelti, -70 kg) Daniel Sigurðsson
2. sæti (hvítbelti, -88 kg) Fannar Júlíusson
3. sæti (blábelti, -76 kg) Emil Waagfjörð
5. sæti (hvítbelti, -82 kg)

Uppbygging Hveragerðis og þróun innviða

Þegar ég og maðurinn minn tókum þá ákvörðun að flytja í Hveragerði kom það á óvart hjá okkar nánustu. Staðan á fasteignamarkaðinum var einfaldlega þannig að fjögurra manna fjölskylda átti erfitt með að standast greiðslumat fyrir fasteign á höfuðborgarsvæðinu. Við leit-uðum því nýrra leiða og fundum framtíðarheimili í Hveragerði. Sjálf er ég að mestu alin upp í Vesturbæ Reykjavíkur og maðurinn minn í Seljahverfinu í Breiðholti. Bæði höfum við þó alltaf sótt í útveru, ég í hestamennsku og hann í jeppaferðir. Það heillaði okkur því strax að vera svona nálægt náttúrunni, með fjöllin, dalina og kyrrðina innan seilingar.

Eitt af því sem við heyrðum oft áður en við fluttum austur fyrir fjall var spurningin: „Verður ekki erfitt að vera svona langt frá baklandinu?“ En reynslan hefur verið þveröfug því í Hveragerði eignuðumst við okkar eigið bakland. Hér er öflugt samfélag fólks sem margt hvert hefur flust hingað ekki alls fyrir löngu og margir sækja vinnu út fyrir bæinn. Það hefur skapað einstaka samkennd, félagsleg tengsl og bakland þar sem vel er tekið á móti nýjum íbúum.

Ég hefði ekki trúað því að á fullorðinsárum myndi ég kynnast fólki sem yrðu mínir nánustu vinir, eða að félagslíf mitt gæti orðið jafn ríkt og raun ber vitni. Það er eitthvað sérstakt við lífið í litlu samfélagi þar sem fólk

fylgist hvert með öðru og veitir alltaf stuðning þegar á þarf að halda. Lífsgæðin sem fylgja því að búa í Hveragerði eru ómetanleg. Hér er minna álag, minni umferð og meiri tími fyrir allt það helsta sem skiptir máli í lífinu. En þessi lífsgæði eru ekki sjálfgefin – þau byggjast á því að við tókum meðvitaðar ákvarðanir um það hvernig við viljum sjá bæinn okkar þróast.

Uppbygging þarf að vera í takt við þróun innviða

Hveragerði hefur vaxið hratt á undanförmum árum og mun væntanlega gera það áfram. Sá vöxtur getur skapað ýmis tækifæri en aðeins ef við stöndum rétt að málum. Það skiptir sköpum að uppbygging sé alltaf í takt við þróun innviða. Grunn-skólar, leikskólar, velferðar- og heilbrigðisþjónusta, samgöngumannvirkir og aðstaða til íþróttar og tómstunda þurfa að haldast í hendur við fjölgun íbúa. Annars er hætt við að grafið verði undan þeim lífsgæðum sem hafa laðað fólk til bæjarins.

Á sama tíma megum við aldrei missa sjónar á því sem gerir Hveragerði að fyrirmyndarsamfélagi þar sem fólki finnst gott að búa. Náttúruperlur allt í kring eru ekki aðeins sjálfsagður bakgrunnur, sem umvefur okkur íbúa, heldur mikilvægur hluti af sjálfsmynd bæjarfélagsins. Gönguleiðirnar, gróðurinn, jarðhitinn og nálægðin við ósnortna náttúru eru verðmæti sem ekki er

Birgitta Ragnarsdóttir
Oddviti S-listans í Hveragerði

auðveldlega hægt að endurskapa ef þau tapast. Þess vegna þarf allt skipulag og uppbygging í bænum að taka mið af verndun á þeim ómetanlegu náttúruperlum sem höfum svo greiðan aðgang að, ekki aðeins til skamms tíma heldur fyrir komandi kynslóðir. Við megum aldrei fórna því sem skiptir máli þegar ákvarðanir eru teknar í uppbyggingu og skipulagsmálum Hveragerðis.

Er tilbúin að leggja mitt af mörkum

Það sem fram hefur komið hér að framan er einmitt ástæða þess að ég hef ákveðið að bjóða mig fram fyrir S-listann í sveitarstjórnarkosningunum 16. maí næstkomandi. Ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum til að tryggja að uppbygging Hveragerðis verði alltaf á skynsamlegum nótum. Það er best gert með því að setja mikilvæga innviði í forgang og hlúa stöðugt að náttúrunni sem gerir bæinn okkar svo einstakan. Ég vil vinna að því að Hveragerði verði áfram fallegur og vinnalegur bær þar sem íbúar á öllum aldri geta átt gott líf.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Árnessýslu

verður haldinn þriðjudaginn 14.apríl kl:17:00 í húsnæði deildar að Eyravegi 31 Selfossi.

Dagskrá fundar:

1. Fundarsetning
 - a. kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársskýrsla kynnt
4. Kosning í stjórn
5. Kosning skoðunarmanna
6. Önnur mál

Allir félagsmenn hafa kosningarétt á aðalfundi, hvetjum til góðrar mætingar. Veitingar í boði í lok fundar.

Skoðunarmaður í bifreiðaskoðun á Selfossi

Frumherji óskar eftir hæfileikaríkum og metnaðarfullum bifvélaþrífara, vélvirkja eða bifreiðasmið til starfa á skoðunarstöð á Selfossi.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem felur í sér bifreiðaskoðanir, endurmenntun og starfsréttindi sem skoðunarmaður.

Við bjóðum upp á

- Þægileg innvinna við góðar aðstæður
- Starfið er lifandi og spennandi þar sem unnið er við fjölbreyttar bifreiðaskoðanir fyrir frábæra viðskiptavinum
- Góða starfsmannaaðstöðu
- Öflugt starfsmannafélag sem skipuleggur fjölbreytta viðburði og félagsstarf
- Fjölskylduvænan vinnustað

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi með brennandi áhuga á tækni og nýjungum, sem langar að starfa með sterku liði sérfræðinga þar sem miklir möguleikar eru á endurmenntun og þjálfun.

Við hvetjum alla sem uppfylla hæfnikröfur að sækja um óháð kyni.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður í tölvupósti siggi@frumherji.is

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441



Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is



GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI

ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFJR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is